

lega, ber samkvæmt framansögðu að leggja alla sök á árekstinum á stefnanda.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Teitssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. marz 1964.

Nr. 178/1962. **Oddviti Djúpárhrepps f. h. hreppsins**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund

(Magnús Thorlacius hrl.)

og

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs

(Tómas Jónsson hrl.)

og

Elli- og hjúkrunarheimilið Grund

gegn

Oddvita Djúpárhrepps f. h. hreppsins,

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs

og Katrínu Helgadóttur (enginn).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögheimili.

Frávisun aðalsakar frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. desember 1962. Hefur hann fengið gjafsókn hér

fyrir dómi. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna, að lögheimili Katrínar Helgadóttur verði talið í Reykjavík frá 1. marz 1954 og að gagnáfrýjanda og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. janúar 1963. Hefur hann fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, en *til vara*, að lögheimili meðstefnda Katrínar Helgadóttur verði talið í Djúpárhreppi. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta varðar réttindi Katrínar Helgadóttur, og bindur efnisdómur hana. Aðaláfrýjandi hefur eigi stefnt henni fyrir Hæstarétt, og hvorki hún sjálf né nokkur fyrir hennar hönd komið fyrir Hæstarétt. Ber því að vísa aðalsök máls þessa frá Hæstarétti.

Samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, enda má fallast á forsendur hans og niðurstöðu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda og laun talsmanns gagnáfrýjanda, kr. 3.500.00 til hvors.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa er vísað frá Hæstarétti.

Í gagnsök er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Greiða ber úr ríkissjóði gjafsóknarkostnað aðaláfrýjanda, oddvita Djúpárhrepps f. h. hreppsins, og gjaf-

sóknarkostnað gagnáfrýjanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og laun talsmanns gagnáfrýjanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00 til hvors.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. október 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 31. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp úrskurður um lögheimili Katrínar Helgadóttur, fæddrar 20. ágúst 1878, vistkonu á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi borgardómarans í Reykjavík, dags. 6. janúar 1961, var sakadómaranum í Reykjavík framsend beiðni Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, þess efnis, að samkvæmt lögum nr. 35 frá 1960, 14. gr., 3. mgr., yrði kveðinn upp úrskurður um lögheimili Katrínar Helgadóttur frá Unhóli, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, vegna bæjarþingsmálsins nr. 288 frá 1957: Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gegn Djúpárhreppi og Reykjavíkurbæ.

Við rannsókn málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Katrín Helgadóttir er fædd 20. ágúst 1878, foreldrar Helgi Guðmundsson og Katrín Eyjólfsdóttir, Unhól, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu. Fyrir dómi hefur Katrín Helgadóttir skýrt svo frá, að hún hafi alið mestallan aldur sinn í Djúpárhreppi, eða þar til hún flutti aðsetur sitt úr greindum hreppi 1. marz 1954, þá frá bænum Vesturholtum og að Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, hér í borg.

Í vottorði Hagstofu Íslands segir m. a.: „Katrín Helgadóttir er skráð í þjóðskránni í Vesturholtum, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, frá stofnun þjóðskrárinnar 16/10 1952 til 1/3 1954, að hún er talin flytja lögheimili sitt að Hringbraut 50 (Elliheimilið Grund), Reykjavík.“

Í greinargerð Djúpárhrepps í máli þessu hefur oddviti nefnds hrepps lagt fram vottorð frá Hagstofu Íslands, þar sem ítrekað er, að Katrín Helgadóttir hafi við stofnun þjóðskrárinnar 16/10 1952 verið skráð að Vesturholtum, Djúpárhreppi, til 1/3 1954, að hún er talin flytjast að Hringbraut 50, hér í borg.

Fyrir dóm hefur komið sem vitni Garðar Sigfússon, skrifstofumaður á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Vitnið hefur skýrt

svo frá, að Katrín Helgadóttir hafi komið á elliheimilið 1. marz 1954 og samkvæmt upplýsingum Katrínar frá Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir sannað, að Katrín Helgadóttir hafi flutt aðsetur sitt hinn 1. marz 1954 úr Djúpárhreppi frá bænum Vesturholtum, eftir dvöl þar a.m.k. frá októbermánuði 1952, og setzt að sem vistkona á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, Hringbraut 50, hér í borg. Þykir vottorð Ólafs Guðjónssonar bónda, Vesturholtum, þess efnis, að Katrín Helgadóttir hafi flutt aðsetur sitt frá Vesturholtum 20. janúar 1954 ekki geta breytt þeirri niðurstöðu, enda barst þjóðskránni ekki tilkynning um þann flutning, er í vottorðinu getur um.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 35 frá 30. maí 1960 um lögheimili veldur vistráðning, m. a. á elliheimili, eigi breytingu á lögheimili, dveljist viðkomandi aðili þar eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar.

Við komuna á Elli- og hjúkrunarheimilið Grund er Katrín Helgadóttir 75 ára að aldri, og samkvæmt eigin framburði þang- að komin í þeim tilgangi að eyða þar síðustu ævidögum við gott viðurværi. Þykir dvöl Katrínar Helgadóttur á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund falla undir 3. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga, og ber því að úrskurða lögheimili hennar að bænum Vesturholtum í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Dregizt hefur að kveða upp úrskurð þenna sökum mikilla anna við dóminn.

Ályktarorð:

Lögheimili Katrínar Helgadóttur er að bænum Vesturholtum, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.
